

Hinsvegar lítur rétturinn svo á að mjög ósennilegt sé, að nokkur veruleg sala á islenzkum saltfiski hefði átt sér stað til umræddra landa á samningstímanum, þar sem hann var þar algerlega nýr á markaðinum og alkunnugt er, að alllangan tíma tekur að vinna markað fyrir nýja vöru. Stefnandi hefir heldur ekki upplýst, að nokkrar fiskpantanir hafi verið gerðar hjá stefndum fyrir milligöngu hans úr þessum löndum eða á annan hátt rökstutt verulega, gegn mótmælum stefndra, kröfu sína um d. kr. 15000,00 í skaðabætur fyrir misst umboðslaun vegna samningsrofa stefndra, og þykir því rétt að sýkna þá af þessum lið dómkröfunnar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndir verði dæmdir til þess að greiða stefnanda d. kr. 9000,00 og d. kr. 133,34 = d. kr. 9133,34, en með vöxtum aðeins frá stefnudegi, þar sem vöxtunum hefir verið mótmælt sérstaklega og ekki var tiltekið í samningnum, að mánaðargjöldin hafi átt að greiðast í lok hvers mánaðar, og kemur þá kröfuliður stefnanda um d. kr. 247,50 ekki til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefndir greiði stefnandanum kr. 450,00 í málskostnað.

Vegna margvíslegra anna dómarans hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 9. jan. 1931.

Nr. 93/1930. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson).

gegn

**Óskari Þórðarsyni** (Sveinbjörn Jónsson)

Áfengisлага og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. sept. 1930: Kærður, Óskar Þórðarson, greiði 150 króna sekt í rikissjóð, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og æfilangt sviftur leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi og með þeirri athugasemd, að samkv. ákvæðum 20. gr. laga nr. 64/1930, verður eigi komist hj á því að svifta kærða ökuskírteini æfilangt, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Óskar Þórðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannánna Guðmundar Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Þórðarsyni, Bræðraborgarstig 12, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926, og áfengislaganna nr. 64, 1930.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 12. þ. m., kl. 8 síðdegis, var hringt á lögregluvarðstofuna frá Meistaravöllum hér í bænum og tilkynnt, að bifreiðin nr.

411 hefði þá fyrir skemmstu ekið á 4 ára gamlan pilt vestarlega á Bræðraborgarstignum og meitt hann nokkuð. Bifreiðarstjórinn á bifreið þessari var kærður í þessu máli. Með því að lögreglunni lék grunur á því, að kærður mundi hafa verið undir áhrifum vins er þetta vildi til, hóf hún samstundis leit að honum og fann hann í húsi einu á Sólvallagötunni og stóð bifreiðin RE. 411 fyrir utan húsið. Fór lögreglan þá með kærðan á lögreglustöðina og var hann síðan settur í varðhald.

Fyrir réttinum hefir kærður borið það, að hann hafi farið heim til sín til þess að borða kl. um 7 umrætt kvöld. Kveðst hann hafa átt þar um hálfa flösku af portvini heima hjá sér. Drakk kærður úr þessari flösku eftir matinn, síðan tók kærður rétt á eftir bifreiðina RE. 411, sem hann stýrir nú, og ætlaði að aka í henni upp á Sólvallagötuna. Vestarlega á Bræðraborgarstignum komu 3 krakkar á móti honum, kveðst hann hafa verið á löglegum hraða og hafa ætlað að sneiða fram hjá krökkunum, en þá varð einn drengurinn fyrir öðru aurbretti bifreiðarinnar, og kastaðist hann út fyrir veginn. Kærður tók barnið og ók með það að Meistaravöllum, þar sem það átti heima.

Sjónarvottar voru engir að þessum atburði, aðrir en börn þau, sem með drengnum voru, litlu eldri en hann, og hefir ekki þótt ástæða til að yfirheyra þau.

Lögregluþjónar þeir, er sáu kærðan, hafa borið það fyrir réttinum, að það hafi ekki leynt sér, að hann var undir áhrifum áfengis, en telja hinsvegar ekki, að hann hafi verið ölvaður.

Drengurinn, sem fyrir bifreiðinni varð, meiddist lítið. Hefir faðir hans gert 20 króna kröfu fyrir læknishjálp og hefir kærður þegar greitt þær.

Kærður hefir hinn 13. apríl 1928 undirgengizt 100 króna sekt, fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur. Einnig hefir hann með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 3. dezember 1928, verið dæmdur í 150 króna sekt fyrir sama brot og missi ökuleyfis í 12 mánuði.

Framantalið brot kærða heyrir undir 5. grein, sbr. 14. grein laga nr. 56 frá 1926 og 20. grein laga nr. 64, 1930 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, með hliðsjón af því, að hér er um þriðja brot að ræða, hæfilega ákveðin 150 króna sekt, sem renni í ríkissjóð og afplánist

með einföldu fangelsi í 12 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skal hann æfilangt sviftur leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

---

Föstudaginn 16. jan. 1931.

Nr. 57/1930. **Jóhann Þ. Jósefsson, f. h. eigenda og vátryggjenda togarans Henny Picken-pack** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

**Jes Zimsen, f. h. fiskiveiðahlutafélagsins Belgaum í Hafnarfirði** (Enginn).

Ómerkingardómur.

### Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir sjódómi Hafnarfjarðarkaupstaðar til greiðslu á skaðabótum út af árekstri, og lauk máli þessu svo í héraði, að málinu var vísað frá sjódóminum sökum ónógra upplýsinga.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. júlí f. á., og hefir krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og málinu vísað heim til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu og hefir það því verið rekið skriflega.

Áfrýjandi hefir gert ákveðnar dómkröfur fyrir sjódóminum, lagt fram eftirrit af sjóréttarprófi í